

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Óseyrar sunnan Krossanesbrautar og deiliskipulagi Stórhólts – Lynghólts.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 15. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Óseyri sunnan Krossanesbrautar og deiliskipulagi Stórhólts – Lynghólts.

Breytingin tekur til lóðarinnar Óseyrar 1 og felur í sér að lóðamörk breytast lítillega án þess að stærð lóðar breytist. Núverandi byggingarreitur stækkar til norðurs og þar verður heimilt að reisa verslun og vöruskemmu á einni hæð með heimild fyrir millilofti að hluta. Hámarkshæð byggingar verður 8,0 m yfir gólfkóta og hámarksbyggingarmagn verður 2.250 m².

Samhliða er gerð breyting á deiliskipulagsmörkum fyrir Stórholt – Lyngholt þar sem göngustígur hliðrast lítillega vegna breytinga á lóðamörkum Óseyrar 1.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 1. mars 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Breytingin felur í sér að sunnan Strandgötu, við innkeyrslu að Menningarhúsinu Hofi og hafnar-svæði, er bætt við lóð og byggingarreit fyrir allt að 30 m² spennistöð með hámarksveggshæð 2,4 m frá gólfkóta.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 23. maí 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júní 2022